

Velferðarnefnd alþingis
sent á: nefndasvid@althingi.is

Umsögn Sorgarmiðstöðvar um frumvarp til laga um sorgarleyfi (makamissir), 315. mál á yfirstandandi þingi.

Með lögum nr. 77/2022 um sorgarleyfi komst á mikilvæg réttarbót til að tryggja foreldrum svigrúm til sorgarúrvinnslu í kjölfar barnsmissis og eftir atvikum að styðja eftirlifandi systkini í að aðlagast breyttum aðstæðum. Ennfremur að „auka líkur á að foreldrar geti átt farsæla endurkomu á vinnu- markað og geti tekið virkan þátt í samfélaginu að nýju í kjölfar barnsmissis“ eins og segir í markmiðsgrein laganna. Í umsögn sinni um málið hvatti Sorgarmiðstöð til þess að sem fyrst yrði unnið að lagabreytingu sem hefði það markmið að færa einstaklingum, einkum ungu fólki sem missir maka frá ungum börnum, sambærilega réttarbót.

Sorgarmiðstöð fagnar fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 77/2022 um sorgarleyfi, 315. mál - þskj 325 á 153. löggjafarþingi, þar sem lagt er til að foreldrar barna, yngri en 18 ára, sem missa maka sinn geti tekið allt að 6 mánaða leyfi frá störfum og fái greiðslur frá Vinnumálastofnun meðan á því leyfi stendur.

Verði frumvarpið að lögum er viðurkennt að taka beri tillit til áhrifa sorgar á fjölskyldur í kjölfar þess að barn missir foreldri og einstaklingur missir maka frá ungum börnum. Þá um leið er veittur þýðingarmikill fjárhagsstuðningur á afar viðkvæmum tíma í lífi eftirlifandi forsjáraðila til að mæta tekjutapi og skapa möguleika til að leita sér og barni/börnum sínum stuðnings í sorgarúrvinnslunni.

Sorgarmiðstöð leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hafnarfirði, 15 mars 2023.

Virðingarfyllst,